

Ársskýrsla Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík fyrir starfsárið 2016-2017

Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík starfar eftir starfsreglum og samþykktum félagsins sem finna má á heimasíðu skólans (mr.is-nemendur-foreldrafélagið). Samþykktum félagsins var síðast breytt 2013 en þessar breytingar voru nauðsynlegar til þess að Foreldrafélagið fengi heimild til að inheimta valkvæð félagsgjöld og til þess að koma til móts við lög um framhaldsskóla 92/2008.

Foreldrafélagið er áheyrnarfulltrúi í Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík.

Aðalfundur Foreldrafélags MR árið 2016 var haldinn á Sal MR, 12. Október 2016.

Stjórn Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík starfsárið 2016-2017 var kjörin og skipti með sér störfum á eftirfarandi hátt: María Soffía Gottfreðsdóttir formaður, Kristín Halldórsdóttir ritari, Gylfi Magnússon gjaldkeri. Aðrir í stjórn Sigurður Emil Pálsson, Magnús Gottfreðsson, Kristín Ólafsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir og Þórður Helgason.

Á fundinum var kosið um upphæð félagsgjalda og samþykkti fundurinn einróma að þau yrðu valkvæð, 4000 kr. Fjármunir sjóðsins verða nýttir til að styrkja skólastarfið nemendum til hagsbóta í samráði við skólastjórnendur.

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum og kaffihléi flutti Lára G. Sigurðardóttir læknir og fræðslustjóri hjá Krabameinsfélaginu um rafrettur og notkun þeirra.

Líkt og á fyrri aðalfundum er ástæða til að rifja upp tilgang Foreldrafélagsins en hann er að vera samstarfs- og samráðsvettvangur foreldra og skóla. Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík var formlega stofnað 16. Febrúar 2002, en undirbúningur hafði staðið frá 11. September 2001. Samþykktir félagsins litu dagsins ljós á stofnfundi og tóku síðan umtalsverðum breytingum á aðalfundi árið 2013.

Tilgangur Foreldrafélagsins er að leitast við að bæta skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og þroska svo skólastarf getir orðið sem farsælast. Foreldrafélagið starfar í samvinnu við skólann og er tengiliður hans við foreldra. Félagið stendur fyrir kynningarfundum um ýmiss mál er varða foreldra. Sameiginlegt markmið foreldra og skólans er að skila unglíngunum okkar

eins vel búnum undir lífið að þessari skólagöngu lokinni og kostur er. Öll vinna er unnin í sjálfboðavinnu.

Helstu verkefni Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík starfsárið 2016-2017 voru eftirfarandi:

1. Stjórnarfundir voru 4 talsins en að auki eru samskipti milli stjórnarmeðlima og við stjórnendur skólans með tölvupóstum og símtölum.
2. Forvarnir: Fulltrúar Foreldrafélagsins taka þátt í að aðstoða forvarnarfulltrúa skólans við störf sín á böllum skólans. Fyrir þessu er löng hefð og samstarfið ánægjulegt og hefur reynst vel. Á böllin mæta fulltrúar úr Foreldrafélaginu og þeirra hlutverk felst í því að vera til staðar við inngang samkomustaðar þegar nemendur mæta á svæðið, fylgjast með og aðstoða eftir þörfum. Samkomur á vegum skólans eru alltaf áfengislausar en við tökum á móti nemendum með það að markmiði að tryggja öryggi þeirra og því er þeim ekki vísað frá. Ef ölvun er áberandi taka starfsmenn skólans við nemendum þegar inn er komið og hafa samband við forráðamenn þeirra sem eru undir 18 ára aldri ef ástæða er til.
3. Kynningafundur með foreldrum nýnema: Í byrjun hvers skólaárs er haldinn kynningarfundur á vegum skólans fyrir foreldra og forráðamenn nýnema. Þá hefur fulltrúi frá Foreldrafélaginu kynnt félagið og störf þess. Í ár var fundurinn haldinn í Háskólabíói þann 29. ágúst og annaðist formaðurinn fundinn.
4. Fræðslufundir: Undanfarin ár hefur Foreldrafélagið staðið fyrir 2 fræðslufundum á starfsárinu. Fyrri fræðslufundurinn var í tengslum við aðalfund þar sem Lára G. Sigurðardóttir læknir hjá Krabbameinsfélaginu fræddi viðstadda um rafrettur. Seinni fundurinn var haldinn 15. mars þar sem Dr. Erla Björnsdóttir, sálfræðingur flutti erindi sem nefndist "Betri Svefn-grunnstoð heilsu. Foreldrafélagið hefur undanfarin ár sent út fundarboð til allra foreldra sem eiga börn í skólanum, ekki einungis til þeirra sem eiga börn undir 18 ára aldri.
5. Stytting náms til stúdentsprófs: Foreldrafélagið hefur undanfarin misseri fjallað um styttingu náms til stúdentsprófs úr 4 í 3 ár. Foreldrafélagið beitti sér fyrir því að vernda 4 ára námið og mótmælti styttingunni. Foreldrafélagið hefur verið í miklum samskiptum við skólastjórnendur vegna þessa og urðu það mikil vonbrigði að Menntamálaráðuneytið skyldi ekki vera opið fyrir öðrum leiðum. Nú er verkefni Foreldrafélagsins að fylgja eftir þessum breytingum, þ.e. að fylgjast með líðan og námsframvindu nemenda skólans. Þrátt fyrir mikið álag hafa nemendur staðið sig mjög vel og brottfall verið mjög lítið.
6. Ráðstöfun úr sjóði Foreldrafélagsins: Foreldrafélagið sendir boð til foreldra/forráðamanna um að greiða valkvæða upphæð í sjóð félagsins. Sjóðurinn var

upphaflega ætlaður til að styrkja nemendur í Njálu- og jarðfræðiferðir. Í samráði við skólastjórnendur var undirbúið verklag til þess að efnaminni nemendur gætu sótt um styrk til ferðanna. Umsóknir hafa hins vegar ekki borist og hefur Foreldrafélagið því styrkt nemendur á annan hátt. Rekstur skólans er þungur og eins og kunnugt er fær MR lægstu fjárframlög per nemanda af öllum framhaldsskólum landsins.

7. Samskipti við Foreldrafélagið: Reglulega berast okkur erindi frá foreldrum og öðrum varðandi ýmiss mál og reynum við að leysa úr þeim eftir bestu getu.
8. Rektorsskipti voru sem kunnugt er í haust. Yngvi Pétursson lét af embætti rektors eftir farsælt starf og hefur Foreldrafélagið átt einkar ánægjulegt samstarf við Yngva. Yngvi hefur mikinn áhuga á störfum félagsins, hefur setið fundi með okkur og stutt félagið á allan hátt. Um leið og við þökkum Yngva fyrir vel unnin störf og gott samstarf vil ég fyrir hönd Foreldrafélagsins bjóða Elísabetu Siemsen velkomna til starfa og við hlökkum til að eiga ánægjulegt samstarf við nýjan rektor.
9. Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum samstarfið. Þar sem nokkrir fara nú úr stjórn vil ég hvetja ykkur til að bjóða ykkur fram í stjórn félagsins. Ég minni á að allir foreldrar eru félagar í Foreldrafélagi MR (nema þeir skrái sig úr félaginu) og hvet ykkur til að leggja okkur lið.

F.h. stjórnar, María Soffía Gottfreðsdóttir, formaður